


| | |
|-----------------------|--------------------|
| U. Áb. | erfisstofnun BS |
| 21 JAN. 2008 54.52 | |
| Tilv. UST20080100012 | |



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Stóurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. janúar 2008
Tilvísun: UST20080100012/bs

Hringvegur 1 - u7. Valtýskambur - Sandbrekka. Umsögn um matsskyldu.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða veglagningu á 5,1 km löngum kafla. Þar af teljast 3,4 km nýbygging. Framkvæmdasvæðið er í norðanverðum Hamarsfirði um 4 km innan við Djúpavog. Hér er ekki um framtíðarlegu vegarins að ræða nema að hluta.

Umhverfisstofnun telur að þar sem ekki er um framtíðarlegu vegarins að ræða eigi að víkja eins lítið frá núverandi vegi og kostur er. Þetta á sérstaklega við um kaflann milli stöða 2700-3500, en þar liggur vegurinn niður á flæðarmálið samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila. Umhverfisstofnun telur að á þeim stað ætti að færa fyrirhugaðan veg nær núverandi vegi. Fram kemur í tilkynningarskýrslu Vegagerðarinnar að ráðgert sé að jafna út núverandi veg. Umhverfisstofnun telur að samhliða þessari aðgerð verði að ganga frá útvíkkuðum skeringum í Rauðuskriðum. Einnig þarf að ganga frá sneiðing að grjótnámu á sama stað. Við útjöfnun vegarins mætti styðjast við reynslu Vegagerðarinnar af svipaðri aðgerð við Stapafell á Snæfellsnesi. Fyrirhuguð framkvæmd er í jaðri svæðis nr. 623 á náttúruminjaskrá. Í náttúruminjaskrá er sérkennum svæðisins lýst á eftirfarandi hátt:

"Fjölbreytt landslag með sérkennilegum berggöngum, skógarreit og góðum gróðurskilyrðum." Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa áhrif á þau náttúruyfyrirbæri sem einkenna svæði nr. 623 á náttúruminjaskrá. Efni í burðarlög og slitlag verður tekið úr áreyrum Hamarsár, en sú náma er notuð að staðaldri. Annað efni kemur úr skeringum og úr núverandi vegi. Umhverfisstofnun telur að ekki ætti að fjarlægja efni úr veginum um Rauðuskriður. Á þeim stað mun að líkindum frekar skorta efni til að fella saman hlíðina ofan og neðan vegar.



Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst
Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Guðríður Þorvarðardóttir
Guðríður Þorvarðardóttir